

Dags eftirlits	19.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Öggur ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Prestssæti 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650809-1300	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Svavarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeldisstöð í bleikjueldi er að ræða með eldisaðstöðu utandyra. Stöðin stendur við bakka Hjaltadalsár og rennur frárennslið í læk sem þjónar hlutverki settjarnar og þaðan út í Hjaltadalsá.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Í stöðinni er alin bleikja í fimm útikerum. Árleg framleiðsla er um 4-5 tonn en leyfi er fyrir allt að 12 tonnum. Minna var tekið inn af seiðum í ár en undanfarin ár, eða um 1/5 af seiðafjölda síðustu ára. Árið 2020 voru framleidd 5 tonn af bleikju í stöðinni. Minnt er á að starfsleyfið rennur út þann 10.6.2022 og sækja þarf um nýtt starfsleyfi í tíma, vinnsla nýs starfsleyfis getur tekið allt að 8-12 mánuðum.

Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar í rafrænu skráningakerfi. Gæðahandbók er til staðar á rafrænu formi sem og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, umhverfismarkmið og vöktunaráætlun. Eintak af starfsleyfi var á staðnum.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar í mars 2017, Sýni ehf. sá um greiningu sýna. Losun niturs (N) og fosfórs (P) er reiknuð út frá fóðurnotkun. Skv. útreikningum fyrir árið 2020 eru gildi fosfórs 8 kg/tonn af lífmassaaukningu og niturs 55 kg/tonn af lífmassaaukningu. Engin viðmiðunarmörk losunar eru tilgreind í starfsleyfi. Greina mátti uppsöfnun slýs í settjörn og bent er á að fylgjast þurfi með framvindu þess og huga að hreinsun ef þurfa þykir.

Engar breytingar hafa verið gerðar á eldiseiningum í stöðinni frá síðasta eftirliti né fóðrun fiskanna en fóðrað er með klukkufóðrurum í stöðinni. Fóðurstuðull um 1,3.

Engin efni eru notuð í stöðinni önnur en formalín í litlu magni. Engin olía er í stöðinni og er allt vatn sjálfrennandi. Óverulegt magn af úrgangi fellur til í stöðinni og afföll eru lítil en dauðfiskur fer í urðunargám sveitarfélagsins og fóðrupokar endurnýttir eftir því sem hægt er.

Stöðin er í hvarfi frá þjóðvegi og er snyrtileg á að líta og umgengni góð. Einn starfsmaður er í stöðinni.

ÁBENDINGAR

Engin ábending er sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Ekki er gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 vegna fjarlægðar við sjó.


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.11.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir